

Fundargerð 36. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál
Fundur haldinn í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu 13. júní 2017 kl. 14.00

Dagskrá:

1. Áhersluverkefni landshluta 2017
2. Greinargerð stýrihópsins um framvindu samninga og ráðstöfun fjármuna 2016
3. Hækkun virðisaukaskatts á ferðaþjónustu - kynning
4. Önnur mál
 - a. Fjárlagafrumvarp – aðkoma Byggðastofnunar
 - b. Fundur um Vestfjarðaskýrsluna
 - c. Næsti fundur stýrihópsins

Mættir: Hanna Dóra Hólm Másdóttir formaður (SSR), Benedikt Árnason (FOR, yfirgaf fundinn kl. 15.00), Karl Björnsson (sambandinu), Karitas H. Gunnarsdóttir (MMR), Sigurður Guðmundsson (FJR), Stefanía Traustadóttir (SSR) og Páll S. Brynjarsson (landshlutasamtökunum). Stefanía ritaði fundargerð í fjarveru verkefnisstjóra.

Fjarverandi: Anna Katrín Vilhjálmstöttir (UTN), Björn Helgi Barkarson (UAR), Helga Haraldsdóttir (ANR), Þór G. Þórarinsson (VEL), Þórarinn V. Sólmundarson (MMR) og Hólmfríður Sveinsdóttir (Byggðastofnun).

Fundargerð 35. fundar hafði verið send fundarmönnum og samþykkt fyrir fundinn.

Umfjöllun og afgreiðsla:

1. Áhersluverkefni landshluta 2017

Í kjölfar þess að samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra hækkaði framlag til sóknaráætlanasamninga um samtals 100 m.kr. voru landshlutasamtök sveitarfélaga beðin um að upplýsa stýrihópinn fyrir 1. júní um það hvernig þau hyggist ráðstafa aukningunni sem kæmi í hlut hvers þeirra. Sé um ný áhersluverkefni að ræða þarfnast þau staðfestingar stýrihópsins. Fundarmenn höfðu fyrir fundinn fengið sendar upplýsingar um ný áhersluverkefni frá fimm af átta landshlutum, alls sjö verkefni. Farið yfir verkefni hvers landshluta og þau rædd.

Vesturland. Eitt nýtt áhersluverkefni, *Ungmennaping Vesturlands* (3,6 m.kr.). Stýrihópurinn staðfestir verkefnið fyrir sitt leyti.

Norðurland eystra. Eitt nýtt áhersluverkefni, *Kostir og gallar sameiningar Eyþings og atvinuþróunarfélaganna* (3,5 m.kr.). Verkefninu lauk með útgáfu skýrslu Rannsóknamiðstöðvar Háskólans á Akureyri í maí sl.

Stýrihópurinn staðfestir verkefnið fyrir sitt leyti en telur hvorki æskilegt né til eftirbreytni að senda verkefni til staðfestingar sem samningsaðilar hafi lokið og óska eftir að nýta peninga áhersluverkefna í slíkt.

Austurland. Tvö ný áhersluverkefni. Annars vegar *Uppbygging þekkingarsamfélags á Austurlandi* (kr. 5 m.kr). Einnig er sú breyting gerð að áhersluverkefnið *Byggðaráðstefna ungs fólks* (0,7 m.kr) rennur inn í verkefnið *Uppbygging þekkingarsamfélags á Austurlandi*. Hins vegar er það verkefnið *Undirbúningur fyrir gerð húsnæðisáætlunar Austurlands* (1 m.kr.). Þá eru gerðar breytingar á framlögum til tveggja áður staðfestra verkefna breytist. Þannig lækkar framlagið til verkefnisins *Menningarstarf á Austurlandi* um 3,5 m.kr. (úr 12,2 m.kr. í 8,7 m.kr.) og framlagið til verkefnisins *Svæðisskipulag fyrir Austurland* hækkar um 2 m.kr. (úr 16 m.kr. í 18 m.kr.).

Stýrihópurinn frestar staðfestingu og óskar eftirfarandi upplýsinga:

- Uppbygging þekkingarsamfélags á Austurlandi. Óskað er eftir betri og afmarkaðri verkefnalýsingu.
- Undirbúningur fyrir gerð húsnæðisáætlunar Austurlands. Óskað eftir betri og afmarkaðri verkefnalýsingu og árangursmælikvörðum.
- Menningarstarf á Austurlandi. Óskað er eftir skýringu á hækkun á heildarkostnaði og lækkun framlags úr sóknaráætlun.
- Svæðisskipulag fyrir Austurland. Óskað eftir nánari upplýsingum um þá verkþætti sem bætast við verkefnið, það er undirbúningur fyrir gerð áætlunar um ljósleiðaravæðingu Austurlands og undirbúningi fyrir gerð loftlagsáætlunar Austurlands.

Suðurland. Tvö ný verkefni. Annars vegar *Innviðagreining Suðurlands, 2. áfangi* (5,5 m.kr) og hins vegar *Kortlagning umhverfismála á Suðurlandi* (1,8 m.kr.). Þá er lagt til hækkun á framlögum til þriggja áður staðfestra verkefna. Þannig hækkar framlag til verkefnisins *Uppsetning á Fab lab verkstæði á Selfossi* um 2 m.kr. (úr 1,6 m.kr. í 3,6 m.kr.), framlag til verkefnisins *Hönnun fræðsluefnis fyrir sögn og sýningar á Suðurlandi* hækkar um 2,5 m.kr. (úr 6,5 m.kr. í 9 m.kr.) og framlag til verkefnisins *Íbúakönnun á suðurlandi* hækkar um 0,2 m.kr. (úr 1,8 m.kr. í 2 m.kr.).

Stýrihópurinn staðfestir fyrir sitt leyti verkefnið *Kortlagning umhverfismála á Suðurlandi* og gerir ekki athugasemdir við hækkun á framlagi til þriggja áður staðfestra áhersluverkefna. Hvað verkefnið *Innviðagreining Suðurlands, 2. áfangi* varðar þá frestar stýrihópurinn staðfestingu þess og óskar nánari upplýsinga um markmið verkefnisins, verkefnalýsingu og árangursmælikvarða.

Suðurnes. Nýtt áhersluverkefni, *Fræðsluefni fyrir starfsfólk fyrirtækja í ferðaþjónustu* (3,4 m.kr.).

Stýrihópurinn staðfestir verkefnið fyrir sitt leyti, með fyrirvara um samþykki stjórnar Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum.

Ekki hafa borist upplýsingar um hvernig Vestfirðir, Norðurland vestra og höfuðborgarsvæðið hyggjast verja auknu fjármagni árið 2017.

2. Greinargerð stýrihópsins um framvindu samninga og ráðstöfun fjármuna 2016

Frestað til næsta fundar.

3. Hækkun virðisaukaskatts á ferðaþjónustu - kynning

Guðrún Þorleifsdóttir, skrifstofustjóri í fjármála- og efnahagsráðuneytinu mætti á fundinn kl. 15.00 til að kynna fyrirhugaða hækkun virðisaukaskatta á ferðaþjónustu. Umræða um mikilvægi upplýsinga af þessum toga fyrir landsbyggðina og uppbyggingu ferðaþjónustu þar.

4. Önnur mál.

a. Fjárlagafrumvarp – aðkoma Byggðastofnunar

Frestað til næsta fundar.

b. Fundur um Vestfjarðaskýrsluna

Formaður greindi frá að Fjórðungssamband Vestfirðinga hefur óskað eftir fundi með stýrihópnum til að ræða Vestfjarðaskýrsluna. Fundurinn verður þann 18. ágúst n.k. í samgöngu- og sveitarstjórnar-ráðuneytinu.

c. Næsti fundur stýrihópsins

Næsti fundur stýrihópsins verður mánudaginn 21. ágúst kl. 13.00-15.00.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16.20.